



Nóvember 2021

Ágætu félagar

Fyrsti örfundur félagsins var í október. Þar sögðu Eygló Pétursdóttir og Lóa B. Gestsdóttir frá skemmtilegum verkefnum sem unnið hefur verið með í Heiðarskóla í Reykjanesbæ. Upptöku af fundinum er hægt að nálgast á Facebook síðu félagsins. Upptökur af öllum örfundunum eru á síðunni og vonandi geta þær gefið ykkur hugmyndir og verið gott innlegg fyrir umræður um uppbyggingavinnuna í skólunum.

Næsti örfundur verður fimmtudaginn 25. nóvember kl. 15:00. Á þeim fundi mun Ásta Eggertsdóttir leikskólastjóri í Leikskólanum Kærabæ í Fjarðabyggð (Fáskrúðsfirði) fjalla um Uppeldi til ábyrgðar með ungum nemendum. Í Kærabæ hefur Uppeldi til ábyrgðar verið notað með nemendum allt frá 12 mánaða aldri.

Nú þegar þessi önn er langt komin þá eruð þið vonandi búin að kenna nemendum ykkar ýmsa þætti úr stefnunni og hvernig þeir og þið nýtið Uppeldi til ábyrgðar í daglegum samskiptum. Miklu máli skiptir að starfsfólk skólanna noti stefnuna í daglegu starfi og séu þannig góðar fyrirmyndir varðandi samskipti og lausn mála. Virk notkun stefnunnar, orðfæri og sýnileiki, mótar jákvæðan og uppbyggjandi skólabrag.

Það væri gaman að fá meira af myndum og frásögnum frá ykkur inn á heimasíðu félagsins og/eða Facebook síðuna. Ef þið getið hugsað ykkur að vera með örfyrirlestur þá endilega verið í sambandi. Það er gefandi að miðla og þið eruð öll að vinna svo flott starf sem gaman er að heyra af.

Taupokarnir eru núna til í fjórum litum og þeir sem vilja kaupa þá hafa samband við gjaldkera félagsins Sveinbjörn Njálsson og panta poka (sveinbjorn.njalsson@gmail.com). Pokarnir eru seldir á kostnaðarverði og gefinn er afsláttur við magninnkaup. Skólar hafa notað taupokana bæði fyrir nemendum og starfsfólk. Bakhliðin er ekki með mynd á og því hægt að nýta hana t.d. til að leyfa nemendum að mála á.

Gangi ykkur vel í starfinu.

Með uppbyggjandi kveðju
Guðbjörg M. Sveinsdóttir
gudbjorgmsv@gmail.com
formaður Félags um uppbyggingu sjálfaga